

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-33/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 24. apríl 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um fartölvu, sem keypt var af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur fartölvuna gallaða og krefst nýrrar afhendingar.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt fartölvu af gerðinni Macbook Pro af seljanda þann 29. mars 2016 fyrir 269.900 krónur. Nokkru síðar segir álitsbeiðandi að fartölvun hafi farið að bila með þeim hætti að við vinnslu „dettur netviðmótið út og fæst ekki notað frekar fyrr en vélin er endurræst“. Bilunin kom ekki oft upp og segir álitsbeiðandi að af þeim sökum hafi hann ekki áttað sig á því strax að vélbúnaður tölvunnar gæti verið í ólagi. Loks í febrúar árið 2017 fór álitsbeiðandi með fartölvuna til skoðunar hjá seljanda, sem fann hins vegar enga bilun í fartölvunni og lagði til hreinsun á vélinni. Bilunin kom hins vegar aftur upp að sögn álitsbeiðanda og kveðst hann því hafa farið aftur með fartölvuna í viðgerð í ágúst árið 2017 vegna sömu bilunar. Skipti seljandi þá um netkort í fartölvunni og virtist vandamálið farið að sögn álitsbeiðanda. Vélin var í lítilli notkun frá þeim tíma þar til sumarið 2018 þar sem í ljós kom að sama bilun var enn til staðar. Álitsbeiðandi telur að fartölvun sé haldin galla. Seljanda virðist hins vegar ekki fært að gera við fartölvuna að mati álitsbeiðanda og krefst hann því nýrrar afhendingar.

Viðskipti aðila átta við stofnun þeirra undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Bú seljanda var hins vegar tekið til gjaldþrotaskipta þann 3. júlí 2019. Frá því að búið var tekið til gjaldþrotaskipta hefur skiptastjóri farið með forræði búsins. Er kröfuhöfum, líkt og álitsbeiðanda, því rétt að lýsa kröfum sínum í búið samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Af framangreindu leiðir að kæruneftndinni ber að vísa álitsbeiðninni frá.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson